

Nd.

350. Frumvarp til laga

[146. mál]

um afnám laga nr. 99 1933, um veitingaskatt.

Flm.: Jónas G. Rafnar, Ásgeir Ásgeirsson, Halldór Ásgrímsson,
Jóhann Hafstein.

1. gr.

Lög nr. 99 19. júní 1933, um veitingaskatt, og öll lagaákvæði um breyting á þeim lögum falla úr gildi 31. des. 1951.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með lögum nr. 99 19. júní 1933 var ákveðið, að greiða skyldi 10% skatt til ríkissjóðs af söluverði matfanga, drykkjarfanga og annarra neyzluvara, sem seldar eru í gistihúsum, kaffihúsum eða öðrum veitingastöðum.

Á sínum tíma var þessi skattur sniðinn eftir danskri fyrirmynd og þá einnig rökstuddur sem eins konar „luxus“-skattur.

Síðan hafa miklar breytingar á orðið, sem mæla eindregið með því, að þessi skattur verði nú afnuminn.

Veitingastarfsemi er orðin miklu almennari þáttur í atvinnulífinu og mikil þörf á því, að bætt séu skilyrði til gistihúsahalds og veitingastarfsemi, bæði vegna gerbreyttra samgönguskilyrða og almennra ferðalaga innanlands og eins vegna þess, hversu æskilegt er að stuðla að frekari heimsóknnum erlendra ferðamanna.

Danir hafa fyrir löngu afnumið veitingaskattinn hjá sér nema á áfengum drykkjum, en hér á landi stendur hann fyrir þrífum eðlilegri þróun í gistihúsahaldi og veitingastarfsemi.

Ríkissjóð munar nú ekki miklu, þótt þessi skattur sé afnuminn, enda mundi um leið sparast töluvert fé, sem fer í innheimtu hans, og einnig skapast nýjar tekjur af fjölþættari starfsemi og bættum hag þess atvinnurekstrar, sem skatturinn hvílir þungt á. Nánar í framsögu.